

Opinn fundur

Sparnaður í breyttu umhverfi

- Eru peningarnir að brenna upp í bönkunum?
- Hvað er öruggt í dag?
- Hvar eru bestu vextirnir?
- Hvað eru eðlilegar sveiflur?
- Hvað er framundan?

Björn Berg hjá Eignastýringu Íslandsbanka mun fjalla um það helsta í breyttu landslagi fyrir sparifjáreigendur. Fundurinn verður á óformlegum nótum og eru gestir hvattir til að taka þátt í umræðum.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Héraði, Egilsstöðum, mánudaginn 6. desember kl. 17:00. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Að loknum fundi verður hægt að ræða við starfsmenn Eignastýringar um mismunandi sparnaðarleiðir. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Bókaðu viðtal

Ráðgjafar Eignastýringar bjóða upp á viðtöl í útibúi Íslandsbanka við Miðvang 1 á Egilsstöðum, þriðjudaginn 7. desember kl. 9:00–15:00. Við hvetjum þig til að bóka fund í síma 440 4920.

Eignastýring Íslandsbanka
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar
Sími 440 4920



Til góðra verka!

Fréttabréf AFLs Starfsgreinafélags 1. tbl 2010



Tillaga er fulltrúar AFLs á Ársfundi ASÍ 2008 lögðu fyrir fundinn

Tillagan hlaut lítinn hljómgrunn annarra fulltrúa og ein eða tvær setningar úr henni rötuðu í ályktun fundarins um kjaramál

Ársfundur Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela forseta og miðstjórn ASÍ að undirbúa aðkomu verkalyðshreyfingarinnar að því uppbyggingastarfi Íslensks efnahags- og atvinnulífs sem við blasir með því að skilgreina samningsmarkmið í samvinnu við aðildarsambönd- og félög Alþýðusambandsins. Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2008 lýsir því yfir við stjórnvöld, Samtök Atvinnulífsins og fjármálakerfi landsins, að aðkoma alþýðufólks að „sátt á vinnu- markaði“ og framlög launafólks til uppbyggingar verður ekki án skilyrða:

1. Alþýðusamband Íslands varar við hættu á stórauðni misskiptingu í þjóðfélaginu þar sem þeir sem ráða yfir fjármagni notfæri sér neyð hinna efnaminni. Tryggja verður ráðgjöf og aðstoð til láglaunafólks er verður fyrir áföllum í yfirstandandi efnahagshörmungum. Alþýðusambandið krefst þess að settur verði á laggirnar sérstakur starfshópur aðila vinnu- markaðarins og stjórnvalda og sveitastjórna er skili álit áður en endurskoðun kjarasamninga hefst – um til hvaða leiða er unnt að grípa til að hamla gegn vaxandi fátækt og afleiðingum hennar.
2. Alþýðusamband Íslands telur hættu á auknum félagslegum vandamálum og vaxandi fátækt. Alþýðusambandið krefst þess að stjórnvöld grípi til sérstakra aðgerða til að tryggja hagsmuni barna og að börn fái notið dagvistunar og tómstundastarfs án tillits til tekna foreldra.
3. Alþýðusamband Íslands varar við skólagjöldum á framhaldsskóla- og háskólastigi og bendir á að þau geti orðið til þess að ungt fólk frá efnaminni heim-

ilum hrökklist úr námi. Alþýðusambandið ítrekar að réttur til náms er ekki forrétindi auðugra fjölskyldna heldur allra þegna landsins. Alþýðusambandið krefst þess að jafn réttur til náms án tillits til efnahags verði tryggður.

4. Alþýðusamband Íslands ítrekar að hrun efnahagskerfisins er m.a. vegna stjórnleysis og brenglaðs verðmætamatats í fjármálakerfi landsins. Til að forðast að álíka byrðum verði velt yfir á launafólk í framtíðinni krefst Alþýðusambandið siðvæðingar í fjármála- og efnahagsstofnunum landsins. Alþýðusambandið krefst þess að neytendavernd verði aukin svo og heimild opinberra eftirlitsstofnana til inngripa verði stórauðin, hvort heldur er vegna fjármálafyrirtækja eða annarra fyrirtækja á almennum markaði.
5. Ársfundur Alþýðusambandsins krefst þess að áður en rekstur eða þjónusta í umsjón hins opinbera verður á ný settur á hendur einkaaðila, verði lokið fullnaðar uppgjöri við yfirstandandi hrun fjármálamarkaða og greiningu á orsökum hrunsins og afleiðingum þess. Þá fyrst verði til umræðu að bjóða út þjónustu eða selja opinberar stofnanir eða fyrirtæki til einkaaðila.
6. Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2008 krefst þess að óháður aðili, utan fjármálaeftirlits, seðlabanka eða stjórnvalda, verði fenginn til að framkvæma ýtarlega rannsókn á atburðum liðinna vikna í fjármálakerfi landsins og aðdraganda þeirra. Umræddri rannsókn verði gefið vald til yfirheyrslna, húsleita og annarra rannsóknarræða er lögreglufrivöldum eru tryggð. Jafnframt verði tryggt að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir verði kölluð til ábyrgðar vegna þess tjóns sem unnið hefur verið á íslensku samfélagi.

„Það eru erfiðir tímar..“

30% hækkun launa? Óðaverðbólga og kaupmáttarskerðing? Þjóðarsátt með takmörkuðum hækkunum launa og samstöðu allra um enduruppbyggingu samfélagsins.

Þetta eru meðal þeirra hugmynda sem heyra má bæði á vinnustaðafundum AFLs og í fjölmöldum. Það eru nær allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði lausir um þessar mundir og vissulega greinir menn á um leiðir. Það hefur ekki farið framhjá neinum að Samtök Atvinnulífsins boðuðu nýlega til fundar um „Samstöðusáttmála“ þar sem kynnt var leið t.d. 3ja ára samnings með hóflegum hækkunum og uppbyggingu samfélagsins.

2009 hafði m.a. Alþýðusamband Íslands forgöngu um Stöðugleikasáttmála sem m.a. hafði í för með sér seinkun launahækkana og þrátt fyrir að AFL hafi verið harður andstæðingur þessarar frestunar er ástæðulaust að gera lítið úr þeirri viðleitni sem ASÍ sýndi – þ.e. að hafa forgöngu um aðgerðir sem gætu styrkt fyrirtækin í sessi og að komið á atvinnuuppbyggingu að nýju.

Fólki hættir til að persónugera mál og þannig hefur forseti ASÍ orðið fyrir harðri gagnrýni m.a. vegna Stöðugleikasáttmálans og frestun launahækkanna en auðvitað er staðreyndin sú að formenn landssambanda ASÍ stóðu sameiginlega að gerð sáttmálans og að formenn um 95% aðildarfélaga ASÍ samþykktu aðgerðirnar. AFL og nokkur önnur verkalyðsfélög greiddu atkvæði gegn frestun hækkanna en þessi félög urðu undir við lýðræðislega afgreiðslu málsins innan ASÍ.

Hörd átök forystumanna innan verkalyðshreyfingarinnar eru innanmeið sem þarf að lækna og það hefur verið skoðun AFLs Starfsgreinafélags að aðeins með samstöðu nái hreyfingin árangri og því hefur félagið eða forysta þess ekki blandað sér í opinber átök forystumanna heldur beitt sér innan stofnana ASÍ og á fundum hreyfingarinnar.

„Það er atvinnupref“

Við göngum til samningaviðræðna nú við erfiðari aðstæður en um langa hríð. Atvinnuleysi er með því mesta á landsvísi sem við höfum séð lengi, kaupmáttur skv. launavísitölu hefur hrúnið síðustu 2 ár og heimili og fyrirtæki sliagast undan skuldum.

Á sama tíma ríkir upplausnarástand innan ríkisstjórnarinnar og oftast virðist sem hér sitji minnihlutaríkisstjórn sem þarf að skrapa saman í þingmeirhluta fyrir mikilvægustu málum með samningum við „órólegu deild VG“. Ríkisvaldið stóð nánast ekki við neitt af því sem Stöðugleikasáttmálinn kvað á um og svo virðist sem hús ríkisstjórnarinnar sé byggt úr „þröskuldum“ sem flest mál stöðvist á.

Þá er traust og trúnaður í samfélaginu af skornum skammti. Rannsóknarskýrsla alþingis kvað upp harðan dóm yfir stjórnsýslu og fjármálarerfi en svo virðist í fljótu bragði sem menn hafi ekkert lært og öllu gleymt. Bankar halda áfram að hygla sérvöldum fyrirtækjum og kunningja- og flokkspólitískar mannráðningar eru nú sem fyrr.


„ég hef ekkert að bjóða“

Fyrirtæki, ríki og sveitarfélög hafa gefið út að það sé ekkert í boði – engar launahækkningar. Fjárlagahættuvarpsdrögin eru gjaldamegin ekki ráð fyrir launahækkunum en tekjumegin er reiknað með 5% launahækkun á almennum markaði. Velflest sveitarfélög ramba á brún gjörgæslustofu ríkisvaldsins og fyrirtækin glíma flest við timburmenn góðærisfyllerisins og eru skuldug upp fyrir rjáfur. Halli ríkissjóðs

er í sögulegu hámarki og flestum niðurskurðartilögum er tekið með mótmælaaðgerðum og undirskriftarlistum.

Á sama tíma ætti hagur útflutningsfyrirtækja að vera í miklum blóma því um 50% fleiri krónur eru að fást fyrir hvern dollar, evru, eða yen en fyrir tveimur árum.

Enda var ekki fyrr búið að fresta launahækkunum í fiskvinnslu 2009 en sjávarútvegsfyrirtækin hófu að



Gengisþróun skv. vefsíðu Landsbankans

greiða út arð og olli það talsverðum óróleika sem endaði með því að mörg fyrirtæki í fiskvinnslu greiddu launahækkunina eftir sem áður þrátt fyrir þessa frestun.

„ekki ögn sem ég gef“

Skuldamál heimila hafa verið ráðandi í umræðu síðustu missera og hefur verið höfð uppi hávær krafa um m.a. almenna flata niðurfærslu skulda vegna „for-sendubrests“ þar sem við fengum á okkur verðbólgu-skot sem hækkadi höfuðstól lána umfram það sem lántakendur höfðu mátt ætla. Ennfremur máttu þeir sem höfðu kosið að binda lán sín erlendum gjaldmiðlum mátt þola gríðarlega hækkun höfuðstóls sbr. línuritíð hér að ofan.

Verkalyðshreyfingin og þar með AFL Starfsgreinafélag hefur varað við flötum almennum niðurfellingum lána og reynt að tala fyrir sértækum aðgerðum til þeirra sem eru í vanda vegna húsnæðisskuldbindinga og hægt er að bjarga. Við höfum m.a. rakið að flöt niðurfelling skulda er gríðarlega kostnaðarsöm aðgerð þar sem kostnaði verður velt yfir á samfélagið allt í formi skattahækkana eða skerðingar á lífeyri á meðan stærstur hluti kostnaðarins skilar ekki þeim árangri sem að er stefnt.

Skuldugasta hópnun dugar almenn niðurfærsla ekki og því verða þeirra vandamál ekkert léttari eftir slíka aðgerð. Reyndar er vandséð hvernig alskuldugasta hópnun verður bjargað og yfirhöfuð hvaða félagslegt réttlæti er í því að fella niður skuldir sem fólk hefur stofnað til að fjárfesta í mörg hundruð fermetra lúxushúsnæði á sama tíma og ekkert er slegið af í lífsstíl og neyslu.

Fyrir þann hóp sem þó er viðbjargandi t.d. ungt fólk sem var að kaupa hóflega íbúð en hefur bæði lent í höfuðstólshækkun og tekjumissi gætu sértækar

aðgerðir skilað góðum árangri, en með flatri niðurfellingu skulda væri hluta þess hóps bjargað en fyrir stóran hluta yrði niðurfellingin of litil og því væri þessi hópur ekkert betur settur.

Loks er það fólk sem ræður við skuldir sínar þó svo að vissulega hafi harðnað í ári – með skuldaniðurfellingu á þennan hóp væri einfaldlega verið að flytja fjármagn frá skattgreiðendum til þessa hóps án sýnilegs ávinnings fyrir samfélagið.

Helstu rök okkar innan verkalyðshreyfingarinnar gegn almennri og flatri niðurfellingu skulda er að með því eru felldar skuldir af öllum, og þar með þeim sem voru í fararbroddi í braski og óhófi á meðan kostnaðinum yrði velt á skattgreiðendum og lífeyrisþega. Skatttekjur koma helst af tekjuskatti, þ.e. launaskatti sem hvers kyns sérfræðingar og ráðgjafar sem setja ehf merki á rassinn á sér, koma sér að mestu hjá að borga. Neysluskattar eru helsta tekjulind ríkissjóðs og þar lenda skattahækkningar mest á barnafjölskyldum og vert er að benda á að „fokkerliðið“ verslar eins lítið innan lands og það getur þannig að þrátt fyrir glæsileg klæði og munaðarfullar snyrtivörur verður ríkissjóður ekki feitari af þeim útgjöldum.


„nema von mína og líf mitt“

Aðstæður á landsbyggðinni og í Reykjavík og sérstaklega á Reykjanesi eru ekki alveg sambærilegar. Atvinnuleysið er mest á Reykjanesi og svo á höfuðborgarsvæðinu og neyðin virðist mest í Reykjavík miðað við biðræðir eftir matargjöfum. Á Austurlandi hins vegar hefur atvinnuleysi verið minna og þá sérstaklega á fjórðunum. Þá þar líka að líta á að almenn-ingur á landsbyggðinni er sennilega ekki líkt því eins skuldbættur og almennur á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi voru það fyrst og fremst bilalánin sem voru sambærileg við ástandið í Reykjavík.

Það þarf því engan að undra að áherslur verkalyðsfélaga annars vegar af landsbyggðinni og hins vegar í Reykjavík séu mismunandi og því erfið að sjá fyrir hvort það náist samstaða innan hreyfingarinnar í þeim samningum sem framundan eru. Á höfuðborgarsvæðinu er knýjandi sú krafa að farið verði í atvinnuskapandi aðgerðir og eins eru skuldamálin mikild

áhersluatriði t.d. millitekjuhópa sem glíma við þunga skuldastöðu og myndu meta lækku greiðslubyrði af húsnæðislánum mikilvægari en kauphækkun sem ef til vill myndi hverfa í verðbólgu.

Á landssvæðum þar sem útflutningsgreinar eru áberandi, t.d. á Austfjörðum þar sem fiskur og ál er meðal helstu framleiðslugreina svæðisins eru að sjálfsögðu



uppi kröfur á hlutdeild í þeim verulega hagnaði sem misgengi launa og afurðarverðs hefur fært fyrirtækjunum sérstaklega þar sem afurðarverð hefur líka farið hækkandi sbr. í áliðnaði.

„hvort ég vaki eða sef“

Allar bollaleggingar um „þjóðarsátt“ eða samstöðusáttmála hljóta að kalla á þriðliða samning, þ.e. samnings milli allra launþega, fyrirtækja og ríkisvaldsins. Þannig, segja menn, má byggja upp kaupmátt aftur á t.d. þriggja ára tímabili, efla atvinnulíf og ná tökum á halla ríkissjóðs. Þetta er auðvitað ekki slæm framtíðarsýn en til þess að svona sátt geti orðið að veruleika þarf auðvitað að vera „sátt“.

Forsenda slíkrar uppbyggingar og samfélagssáttmála er traust milli aðila og að ríkisstjórnin sé traustsins verð og hafi góðan þingmeirihluta.

Afleiðingar af efnidum eða efnaleysi „stöðuleikasáttmálans“ eru þær að það er ekkert traust á milli

aðila. Þingmenn ríkisstjórnarflokkanna virðast telja sig algerlega óbundna af samningnum sem ríkisstjórnin gerir þannig að ná samkomulagi við ríkisvaldið er orðið býsna flókið því í raun er ekki hægt að kalla að samningur sé kominn á fyrr en afgreiðslu á alþingi er lokið.

Samtök atvinnulífsins sögðu sig frá stöðugleikasáttmál-anum vegna nokkur hundruð kílóa af skötusel þannig að ekki er að sjá að nokkur samningsaðili hafi tekið þennan gjörning alvarlega nema launafólk sem var eini samningsaðillinn sem setti einhver verðmæti í samninginn – þ.e. launahækkun sína – og fékk lítið í staðinn.

„þetta eitt sem þú gafst mér“

Íslenskt launafólk getur því lítið til síðustu 10 - 20 ára með takmörkuðu þakklæti í garð stjórnmalamanna en þeir sem setið hafa við völd þessi ár eru líklega sem hópur, lélegustu og vanhæfustu stjórnmalamenn Íslandssögunnar og hafa skapað

hér ástand upplausnar, stórkostlegrar misskiptingar, lagt orðspor Íslands á alþjóðavettvangi í rúst og skilja eftir ríkissjóð sem er skuldbættur langt umfram það sem ásaettanlegt er.

Það er við þessar aðstæður sem við hefjum samningaviðræður þessa dagana. Til viðbótar hafa risið upp hvers kyns hagsmunagæsluhópar sem gera kröfur í allar áttir – en flestar kröfum eiga það sameiginlegt að verði gengið að þeim lendir allur kostnaður á almennungi. Bloggheimar eru undirlagðir „sérfræðingum“ sem fæstir eru í verkalyðsfélögum en eru æfir út í verkalyðshreyfinguna fyrir að sinna ekki hugðarefnum þeirra.

Sem betur fer finnum við á Austurlandi fyrir góðum samhug félaga okkar í AFLi og á vinnustaðafundum okkar og á öðrum fundum og ráðstefnum hefur félagið ráðið ráðum sínum og mótað kröfugerð. Með þann samhug fara samningamenn AFLs og vinna að kröfum

félagsmanna en tíminn og aðstæður verða að leiða í ljós hver niðurstaðan verður.

„Það er alt sem ég hef“

Síðustu vikur hafa fjölmargir og nú síðast ráðherra í ríkisstjórninni lýst því yfir að lágmarkslaun séu til skammar og að þau séu það lág að það hvetji fólk ekki til atvinnuþátttöku.

Þetta eru reyndar ekki ný sannindi fyrir samningamenn verkalyðshreyfingarinnar sem hafa samninga eftir samninga samið um hækkun lágmarkslauna og t.d. í síðustu samningum hafði fólk ekki mikinn áhuga á þeim málum – enda var markaðslaunakerfið þá í tisku og aðeins fámennir hópar innan almennu verkalyðshreyfingarinnar sem nutu þeirra kjara sem umsamin lágmarkslaun eru.

Svo virðist sem meira að segja stjórnmalamenn hafi nú í seinni tíð áttað sig á því að það er í raun og veru til fólk sem reynir að lifa á lágmarkslauninum og með hliðsjón af yfirlýsingu m.a. ráðherra í ríkisstjórninni er ljóst að verkalyðshreyfingin hlýtur að fara fram að verulega hækkun lágmarkslauna því burtséð frá skuldavanda heimilanna hljótum við að gera þá kröfu að fólk í 100% starfi sé ekki vísað úr landi því það geti ekki framfleytt sér – en þess eru dæmi.

Samstaða meðal launafólks er það eina sem við höfum að styðjast við. Upplausnarástand innan ríkisstjórnarinnar, en stundum er erfið að átta sig á hvort einstaka ráðherrar eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, veldur því að ekki verður treyst á ríkisstjórnina til að hafa frumkvæði eða forystu um nein góð mál. Og jafnvel þó einstaka ráðherrar fari fram með góð mál er næsta víst að þeirra eigin þingflokkar myndu fella þau. Það má búast við harðnandi átökum í íslensku þjóðfélagi næstu misseri – hvort það verður við gerð þessara kjarasamninga eða síðar er ekki ljóst ennþá. En það er ljóst að svo verulega hefur hin margfæruga „þjóðarkaka“ minnkað án þess að slegið hafi á graðgi hinna gráðugu eða þörf hinna þurfandi að ekki verða kröfur allra uppfylltar. Spurningin sem blasir við alþýðufólki er hvort það kjósi að sitja á friðarstóli meðan hinir krafasa til sín allt sem þeir koma klóm á.

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags 2010

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags 2010 leggur áherslu á að í komandi kjarasamningum verði sótt af hörku í útflutningsgreinum sem nú njóta verulegs hagnaðar m.a. af skráningu gengis. Ráðstefnan beinir því til aðalsamninganefndar félagsins að halda samningsumboði heima í héraði þar sem því verður við komið og að tryggj verði að komandi kjarasamningar haldi og að þeir verði ekki skertir á samningstímabilinu eins og gerðist varðandi samninga sem nú eru að renna sitt skeið.

Kjaramálaráðstefna AFLs krefst þess að kaupmáttur komandi samninga verði tryggður út samningstímabil og hvetur samninganefndir félagsins til að leggja áherslu á að launahækkningar komi á kauptaxta og að lögð verði áhersla á að hækka lægstu laun umfram önnur enda eru lægstu laun kauptaxta svo lág að þau duga engan veginn til framfærslu.

Samninganefndir félagsins eru hvattar til að skoða möguleika á starfsgreinasamningum þar sem unnt er að koma við og freista þess að ná vinnustaðasamningum sem víðast.

Þá telur ráðstefnan brýnt að stefnt sé óhikað að því markmiði að launafólk á Íslandi njóti sambærilegra lífsgæða og í nágrannalöndunum – þ.e. að hafa lífsviðurværi af dagvinnu og því sé brýnt að hækka dagvinnulaun verulega og stefna að 38 stunda vinnuviku Kjaramálaráðstefna AFLs telur brýnt að launþegahreyfingin nái saman um sameiginleg úrlausnarmál og komi sameinuð fram í samningum við ríkisvald og atvinnurekendur í málum eins og úrlausn á skuldavanda heimila, verndun velferðarkerfisins og atvinnuuppbyggingu. Ráðstefnan telur brýnt að verkalyðshreyfingin og stjórnvöld nái að endurnýja traust á milli aðila, sem hefur beðið mikinn hnekki með vanefndum stjórnvalda á stöðugleikasáttmálanum.

Aukin samvinna sveitarfélaga á Austurlandi er brýn að mati ráðstefnugesta. Sérstaklega eru sveitarfélög hvött til að efla mjög samvinnu í félagsþjónustu og auka faglega hæfni og samræma verklag og reglur um allt Austurland. Ennfremur telur ráðstefnan brýnt að efla mjög atvinnuþróunarmál og Nýsköpunarmiðstöðvar og beina sjónum enn frekar að jaðarbyggðum Austurlands sem setið hafa eftir í þeirri atvinnuuppbyggingu sem verið hefur á Mið Austurlandi þar sem fjölbreytni hefur vaxið og atvinnuöryggi aukist. Varðandi atvinnuuppbyggingu leggur Kjaramálaráðstefnan áherslu á enn frekari samgöngubætur og eflingu á háhraðaneti og öðrum samskiptakerfum. Ennfremur að áfram verði unnið að eflingu menntunar og menningar og áhersla verði lögð á nálægð framhaldsskóla fyrir ungumenni fjórðungings.

Ráðstefnan vekur athygli á jákvæðum áhrifum uppbyggingar háskóla og þekkingarnets á samfélagið og atvinnusköpun sem fylgir slíkrri uppbyggingu.

Kjaramálaráðstefna AFLs hvetur til þess að reynt verði að jafna aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis hvað varðar aðgang að þjónustu og bendir á að fyrir fólk úr hinum dreifðu byggðum fylgir því verulegur kostnaður að sækja sjálfsgaða heilbrigðisþjónustu eða sjálfsgaða endurmenntun. Ráðstefnan krefst þess að unnið verði að stefnumótun á því hvernig unnt sé að jafna þennan aðstöðumun út.

Ennfremur vekur ráðstefnan athygli á því að þrátt fyrir umtalsverða atvinnuuppbyggingu á t.d. Vopnafirði er ekki hægt að fá fyrrgreiðslu til byggingar íbúðarhúsnæðis þar eða á öðrum minni stöðum. Bent er á að fólk á þessum stöðum er látið gjalda offjárfestingar á Mið Austurlandi eða á höfuðborgarsvæðinu. Skortur á húsnæði á nokkrum minni staða Austurlands er að verða þessum stöðum erfiður þar sem ungt fólk fæst ekki til að setjast að vegna húsnæðisleysis.



